



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 8.tbl.

September 2015

RÉTTARBALL Í ÁRNESI

Hljómsveitin Bandmenn
leikur fyrir dansi

Föstudaginn 11. september



20 ára aldurstakmark. Aðeins 2500 kr. inn
Opnar 22:00 / Lokar 02:00



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. október 2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00

Nú er um að gera að kíkja í bók . ☺

Alltaf hægt að skila um lúguna!

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Munið! Nýtt símanúmer á

Heilsugæslunni í Laugarási 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Apótekið í Laugarási opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson sími: 859-9559.



Ökumenn athugið.

Dagana 10., 11. september verða óhjákvæmilegar tafir á umferð á vegi nr. 32 Þjórsárdalsvegi og 12. sept. á vegi nr. 30 Skeiðavegi.

10. sept. frá kl. 13 - 21 verða þeir sem eru að koma frá Búrfelli og ofar að vera á eftir fjárrekstri frá Fossárbrú og að Ásólfstöðum en komast þá framhjá frá ca kl. 16– 18:30 **en úr því er engan veginn hægt að fara fram úr fyrr en við Fossnes** um kl. 21:00. (Hjáleið er þó fær niður Landsveit með því að fara yfir Þjórsá við Sultartanga.)

11. sept. Skaftholtsréttir. Vegur lokaður frá Fossnesi að Skaftholtsréttum **frá kl. 07:30 —12** (hjáleið fær um Löngudælaholt, gamla þjóðvegin.)

Kl. 16—20 lokaður vegur frá Árnesi að Reykjaréttum en tafir ef farið er frá Reykjaréttum og upp í Árnes.

12. sept. Reykjaréttir. Tafir geta orðið á vegi nr. 30 Skeiðavegi frá kl. 13 og eitthvað fram eftir degi vegna fjárrekstra bænda.

**Almennur smaladagur er 26. september og skilarétt í Skaftholtsréttum þann 27. september kl. 10:00.
Afréttarmálafélögin.**

YOGA YOGA

YOGA á mánudögum í Árnesi kl. 17:15

Við byrjum mánudaginn 28. september. n.k.

Upplýsingar í síma 861-7013

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á vgholt@internet.is

Kær kveðja Rosemarie. - Kvenf. Gnúp.



Opnunartími gámasvæða vetur 2015!

Gámasvæðið við Árnes hefur verið flutt. Nú stendur það við E- götu vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Opið:

þriðjudaga

kl. 14:00 - 16:00

laugardaga

kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti er opið:


miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.



*Skaftholt tekur áfram við garðaúrgangi og afklippum trjáa!
Og eins og áður er að hægt að losa þar að degi til, garðaúrgang og afklippum trjáa á ákveðnu svæði þar alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

*Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.
Sveitarstjóri.*

Vetrarstarf Karlakórs Hreppamanna



Karlakór Hreppamanna er nú að hefja sitt 19. starfsár og verður fyrsta æfing þriðjudaginn 15. september kl 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Margir viðburðir eru framundan hjá kórnum og má þar helst nefna Kötlumótið sem verður 17. október í Reykjanesbæ í umsjá Karlakórs Keflavíkur. Katla er samband sunnlenskra karlakóra og stendur m.a. fyrir kóramóti á 5 ára fresti þar sem allir kórar innan Kötlu koma saman, hver með sína dagskrá og svo syngja allir kórnir á sameiginlegum lokatónleikum. Skemmt er að minnst síðasta Kötlumóts sem haldið var á Flúðum var í umsjá Karlakórs Hreppamanna þar sem um 600 söngmenn komu saman á frábærum tónleikum. Karlakór Hreppamanna hefur frá stofnun verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa þau hjónin Edit Molnár og Miklos Dalmay við stjórnvölinn. Kórin hefur þroskast mikið frá stofnun og hefur á síðustu árum tekist á við mörg krefjandi kórverk og skilað þeim með sóma.

Það styttest í 20 ára afmæli kórsins, 1. apríl 2017 og er stefnan sett á að halda uppá afmælisárið með fjölbreyttum hætti. Til að efla kórin enn frekar leitum við nú að nýjum söngmönnum í allar raddir.

Þeir sem áhuga hafa á skemmtilegum félagskap, leiðsögn fagfólks í söng, kórferðalögum innanlands sem og erlendis og metnaðarfullri dagskrá, eru hvattir til að mæta á fyrstu æfinguna okkar. Við viljum líka hvetja gamla félagi sem hafa verið óvirkir undanfarin ár að dusta rykið af nótnamöppunum og mæta á æfingu.

Með kveðju. Formaður.

Kjötsúpan á Hestakránni

Kjötsúpa verður á Hestakránni á Reykjaréttardaginn, laugardaginn 12. sept. frá kl.11:00. Stuðið í tjaldinu verður á sínum stað þar sem Grétar Lárus frá Sólvangi mun halda uppi Kjötsúpusöngnum!

BALL!

Feðgarnir Labbi og Bassi lofa svo alveg trylltu réttarballi frá kl 23:00 á réttarkvöldið.

Aldurstakmark 18 ár.

Sjáumst!





Smárafréttir

SEPTEMBER 2015



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND - HÆ KRAKKAR !!

Við vonum að þið hafið haft það rosalega gott í sumar og að skólabyrjunin leggsit vel í ykkur ☺.

Sumarið var gott fyrir okkur hestamenn og margir fóru í styttri og lengri hestaferðir. Nú eru réttirnar væntanlega efst í huga margra. Æskulýðsnefnd Smára stefnir að Haustferð í október og að fræðslukvöldi í nóvember. Endilega hafið samband við okkur ef þið hafið óskir um sérstök ræktunarbú sem ykkur langar að heimsækja. Fylgist vel með fréttum og tilkynningum á Facebooksíðu Smárakrakkar og á vefsíðu Smára. Okkur langar að deila með ykkur nokkrum skemmtilegum myndum af Brokk og Skokk keppninni í sumar. Hún sló svo sannarlega í gegn og 54 þátttakendur skráðu sig í keppnina. Veðrið var yndislegt og gaman er að segja frá að við fengum góða heimsókn úr nágranna- sveitum. Fjölskyldan í Hrosshaga (Sólón, Þórey og börn) úr Bláskógabyggð mætti meira að segja með 3 lið !!

Okkur langar að þakka kærlega eftirfarandi aðilum:

Sveitafélagi Skeiða-og Gnúpverjarhepps, Vinum Skaftholtsrétt
Versluninni Samkaup á Flúðum, Versluninni Árborg í Árnesi,
Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli. Mjólkursamsölunni á Selfossi
Landstólpa ehf og Björgunarsveitinni Sigurgeir

og ekki sist öllum þessum frábæru sjálfbóðaliðum úr röðum UMFG, UMFS, UMFH og Hestamannafélagsins Smára sem mæta ár eftir ár til að aðstoða, til að redda hlutum, og sjá til þess að allir komi heilir á húfi í markið og skemmti sér vel. Kærar þakkir!!!!

Úrstlit í ár voru eftirfarandi:

Fjölskylduhringur Brokk og Skokk 2015

1. Eríkur Gestsson – Helga Kristín Eiríksdóttir – Dropi frá Minna-Hofi
2. Haukur Vatnar Viðarsson – Alda Sól Hauksdóttir – Funi
3. Kolbeinn Loftsson – Bryndís Einarsdóttir – Marta frá Hestheimum

Íþróttahringur Brokk og Skokk 2015

1. Einar Águst Ingvarsson – Valdimar Ingvarsson – Prins frá Fjalli
2. Vala Einarsdóttir – Anna Birta Jóhannesdóttir – Stika frá Egilsstöðum
3. Lára Bjarnadóttir – Gunnlaugur Bjarnason – Seifur frá Stekkjum

Sjáumst hress og kát í Haustferðinni

Kær kveðja, Æskulýðsnefnd Smára



BROKK OG SKOKK 2015



HAUSTFUNDUR SMÁRA verður haldinn í október/nóvember. Hvetjum við félagsmenn til að fylgjast með nánari tímasetningu og mæta á fundinn. Þar verður farið yfir starfið á árinu 2015 og komandi starfsár rætt. Ef þið hafið góðar hugmyndir að viðburðum eða einhverju sem betur mæti fara endilega mætið á fundinn eða sendið erindi til stjórnar á smari@smari.is

WORLDFENGUR FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGA

Rétt er að minna á að þeir sem hafa greitt félagsgjald til Smára gefst kostur á að fá frían aðgang að worldfeng. Þeir sem hafa áhuga á því geta sent tölvupóst með nafni, kennitölu og því netfangi sem tengja skal aðgang á smari@smari.is



PÓSTLISTI !!

Þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með starfi félagsins og fá áminningar og tilkynningar um það sem framundan er sendið tölvupóst á smari@smari.is og skráið ykkur á póstlistann. EF þið lumið á fréttum eða tilkynningum væri gaman að birta þær á facebook síðu félagsins og heimasíðunni þannig ekki hika við að senda okkur línu á smari@smari.is Ábendingar um heimasíður félagsmanna eru einnig vel þegnar.

ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ verður haldin í október.

Ekki láta þessa frábæru skemmtun framhjá ykkur fara.

Fylgist vel með á facebook og www.smari.is



Opið gæðinga og töltmót Smára og Loga var haldið á Flúðum 25-26 júlí og tókst mótið í alla staði frábærlega. Er þetta í fyrsta skipti sem Smári og Logi halda sameiginlegt Gæðingamót eftir farsælt samstarf í vetrarstarfi í nokkur ár. Einnig var þetta í fyrsta sinn sem félögin halda opna gæðingakeppi. Veðrið var með besta móti, hrossin góð og flestir fóru sáttir heim eftir vel heppnað mót sem vonandi er komið til að vera. Úrslit voru birt jafnóðum á facebook og kunni það góðri lukku að stýra. Heildarúrslit frá mótinu má finna á www.smari.is og facebook síðu Smára, ásamt myndir frá mótinu. Hér má sjá efstu hesta frá Smára í öllum flokkum



FERGUSON-TÖLT

OPINN FLOKKUR—Ólafur Ágeirsson og Védís frá Jaðri

UNGMENNI—Hrafnhildur Magúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1A

UNGLINGAR—Hekla Salóme Magnúsdóttir og Tinna frá Blesastöðum 1A

BÖRN—Aron Ernir Ragnarsson og Ísador frá Efra-Langholt

SKEIÐ—Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Stúlka frá Hvammi

GÆÐINGAKEPPNI

A FLOKKUR—Draupnir frá Langholtskoti og Guðmann Unnsteinsson

B FLOKKUR—Védís frá Jaðri og Ólafur Ásgeirsson

UNGMENNI—Björgvin Ólafsson og Spegill frá Hrepphólum

ÁSETUVERÐLAUN UNGMENNAFL. Björgvin Ólafsson

UNGLINGAR—Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf

ÁSETUVERÐLAUN UNGLINGAFL. Helgi Valdimar Sigurðsson

BÖRN—Þorvaldur Logi Einarsson og Ísdögg frá Miðfelli 2

ÁSETUVERÐLAUN BARNAFL. Þórey Þula Helgadóttir

Styrktaraðilar mótsins voru eftirfarandi

Jötunn Vélar

Nesey ehf Baldvin og Þorvaldur ehf

Toyota Selfossi tolt.nu/island

Dýralæknamiðstöðin Hellu Landstólpi

Ferðapjónustan Efsta-Dal Garðyrkjustöðin Gufuhlíð

Gullfoss Café við Gullfoss Ketilbjörn ehf Espiflöt ehf

Þeim er þakkað kærlega fyrir stuðninginn sem og dómurum, starfsfólki, keppendum og áhorfendum fyrir frábæra helgi á Flúðum. Hollvinir reiðhallarinnar sáu um veitingasölu á mótinu og rennur ágóðinn til styrktar reiðhöllinni.

Nokkrar myndir frá gæðingamóti Smára og Loga 2015





The King's Singers syngja í Skálholtskirkju fimmtudaginn 17. september 2015, kl. 18.00

Miðasala fer fram á midi.is

Hinn óviðjafnanlegi breski sönghópur, The King's Singers kemur til Íslands og heldur tvenna tónleika; í Hörpu, og í Skálholtskirkju.

Það var ósk The King's Singers að syngja tvenna tónleika og tóku þeir fagnandi tillögu um að syngja í Skálholtskirkju.

Fyrir hina fjölmörgu aðdáendur King's Singers eru þetta góðar fréttir og verður efnisskrá þeirra sérstaklega sett saman fyrir kirkjuna og seinni hluta hennar velja þeir þegar þeir hafa kynnt sér hljómburð kirkjunnar. Þann hluta kalla þeir tónlistarpóstkort frá öllum heimshornum.

Það má því búast við einstöku lagavali ásamt þeirri nánd við flytjendur sem Skálholtskirkja býður upp á.

Tónleikarnir hefjast kl. 18.00 (ath. óvenjulegan tíma), sætafjöldi er takmarkaður við 350 sæti og verð allra aðgöngumiða er kr. 7.900.- Sætaval er frjálst.

Verði hagnaður af tónleikunum, rennur hann í sjóð Skálholtsfélagsins hins nýja, til styrktar viðgerð á steindum gluggum Gerðar Helgadóttur í Skálholtskirkju.

Tillögur óskast að nafni



Eins og áður hefur komið fram hefur sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkt að kanna hvort áhugi reynist vera á því að breyta nafni sveitarfélagsins eður ei.

Hér með er óskað eftir tillögum að nafni á sveitarfélagið.

Mikilvægt er að þátttaka verði sem mest.

- Nafn og kennitala þess sem skilar inn tillögu skal koma fram, ekki verður tekið við nema einni tillögu frá hverjum einstaklingi.
- Íbúum sveitarfélagsins sem og öðrum er gefinn kostur á að senda inn tillögu að nafni.
- Tillögum skal skila til skrifstofu sveitarfélagsins í lokuðu umslagi merkt „Kosning um nafn 2015“ eigi síðar en 20. október næstkomandi.
- Á sveitarstjórnarfundi sem haldinn verður þann 4. nóvember mun sveitarstjórn fara yfir þær tillögur um nafn, sem fram verða komnar.
- Þau 6 nöfn sem fá flestar tillögur, verður kosið um að fengnu samþykki Örnefnanefndar.
- Kosið verður um allar tillögurnar ef þær verða færri en 10.
- Kjörstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps verður afhentur listi yfir þau nöfn sem kjósa skal um og skal hún annast umsjón kosninganna.
- Kosning fer fram í síðasta lagi 1. desember 2015 ef ekki koma til tafir á kosningaferlinu.
- Kjósa skal öðru sinni ef ekkert nafnanna hlýtur 50 % atkvæða eða meira.
- Fari svo að kosið verði tvisvar, fer seinni kosningin fram eigi síðar en 15. desember 2015 ef ekki koma til tafir á kosningaferlinu.
- Á kjörskrá eru allir íbúar sveitarfélagsins sem hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.
- **Vakin er sérstök athygli á að núverandi nafn sveitarfélagsins er valkostur eins og hver annar. Í ljósi þess, eru þeir sem ekki vilja að núverandi nafni verði breytt, hvattir jafnt sem aðrir til að sýna vilja sinn með því að taka þátt í vali á nafninu sem og kosningu.**

Val á nafni og kosningin verður marktækari eftir því sem fleiri taka þátt.

Nánari upplýsingar um málið veitir sveitarstjóri

Með góðri kveðju. Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.



Ég þakka ljúfar samverur í hestamannamessu í Stóra-Núpskirkju og í síðsumarmessu í Tungufellskirkju. Gestrisni heimafólks var þar í aðalhlutverki og ánægjulegt var að sjá hve margir sáu sér fært að koma. Nú í lok ágúst var haldinn sameiginlegur fundur allra fjögurra sóknarnefndanna í Hrunaprestakalli. Þar var m.a. farið yfir skipulag vetrarstarfsins sem verður með nokkuð hefðbundnu sniði. Dagskrá helgihaldsins í prestakallinu verður send út í öll hús síðar í mánuðinum og vonandi fær hún pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Fyrsta messan eftir réttir verður í Hrunakirkju 27. september en þar mun sönghópur eldri borgara hér úr uppsveitunum, Tvennir tímar, leiða sönginn undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Annars eru næstu messur í prestakallinu sem hér segir:

27. sept.: *Messa í Hrunakirkju kl. 14. Tvennir tímar syngja.*

11. okt.: *Guðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 14 og kvöldmessa með létttri tónlist í Hrepphólakirkju kl. 20.*

25. okt.: *Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.*

Á þessu haustmisseri stefnir Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna að útgáfu á hljómdiski sem geymir ellefu þekktu sálma eftir sr. Valdimar Briem. Upptökur fóru fram sl. vor og vonir standa til að diskurinn geti ratað í jólagjafir á mörgum heimilum um næstu jól. Nú í september er stefnt að því að lokið verði að hlaða grjóttvegg utan um kirkjugarðinn í Hruna og þá er einnig ætlunin að koma upp söguskilti fyrir framan kirkjuna.

Fermingarstörfin hófust með sameiginlegum fundi foreldra, fermingarbarna og prests nú í ágúst og svo þátttöku fermingarbarna í uppskerumessu í Hrunakirkju laugardaginn 5. september. Fræðslusamverur verða á mánudögum kl. 15 -17 í október og nóvember. Fermingarbörn eru tólf talsins og verða fermingarathafnir í öllum fjórum sóknarkirkjum prestakallsins um hvítasunnu, 15. og 16. maí 2016. Sem fyrr má fylgjast með því sem framundan er í prestakallinu á hruni.is.

Með blessunaróskum.
Óskar Hafsteinn Óskarsson

Skógrækt ríkisins í Þjórsárdal vantar starfsmann.

Um er að ræða fjölbreytt starf í viðhaldi og umhirðu skóga og öðrum tengdum verkefnum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi vinnu-
vélaréttindi og geti unnið sjálfstætt.

Góð vinnu og starfsmannaaðstaða
er á staðnum.

Frekari upplýsingar veita:

Hreinn 899-1971 hreinn@skogur.is

Jóhannes 8938889 johannes@skogur.is



**SKÓGRAEKT
RÍKISINS**

Ágætu sveitungar!

Minum á lífræna grænmetismarkaðinn í Skafttholti.

Opið alla laugardaga frá kl. 14 — 17 út september.



Heimilisfólkið Skafttholti.



Vetraropnunin tók gildi 24. ágúst 2015

Opið daglega frá kl. 11:00 - 21:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>



Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu.

Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047- 8986047-8658776.



SKINN OG SKART.

Í september eru armbönd og vasapelar ennþá mjög áriðandi.

Ýmsar gjafir fyrir öll tækifæri.



Hafið samband í
síma 4866047
eða 8986047
Katrín, Ásaskóla.



Óskilahross í sveitarfélaginu.

Brúnn graðhestur 2- 4 vetra gamall ómerktur og ómarkaður var hand-samaður 1 ágúst sl í Steinsholti. Hrossið er í vörslu Björns Jónssonar að Vorsabæ 2. Þeir sem kannast við lýsinguna á hrossinu, er bent á að hafa samband við Björn í síma 861-9634 eða sveitarstjóra í síma 486-6113. Rauðjarpt mertrippi 2-3 vetra gamalt ómerkt og ómarkað fannst 16. júlí sl. í Þjórsárdal. Hrossið er í vörslu Bjarna Mássonar í Háholti.

Þeir sem kannast við lýsinguna á hrossinu, er bent á að hafa samband við Bjarna í síma 862-4917 eða sveitarstjóra í síma 486-6113

Ef eigendur hrossanna finnast ekki verða hrossin seld eftir tiltekinn tíma á uppboði með vísan til 4. mgr. 59. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil ofl.

Myndir af hrossunum eru á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þjónusta vegna ljósleiðarans!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans.

Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi
og nonniasum@gmail.com -Jón



Þjórsárskóli

Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Útilegan

Í fyrstu vikunni á skólanum förum við árlega í útilegu inn í Þjórsárdal. Lagt var af stað á fimmtudegi og byrjað var á því að vinna á fjölbreyttum stöðvum. Þar vorum við að grisja, vinna með íslensk orð, tálga, skoða skordýr og plöntur og undirbúa aðstöðuna okkar. Seinnipartinn voru síðan settar upp tjaldbúðir. Um kvöldið naut fólk veðurbliðunnar og átti góðar stundir saman.

Gist var í tjöldum sem nemendur settu sjálfir upp með aðstoð. Á föstudagsmorgninum var síðan farið í ratleik þar sem nemendur leystu hinar ýmsu þrautir og áherslan var á samvinnu eldri og yngri nemenda.

Útilegan var vel heppnuð og er góður liður í að efla samheldni í hópnum eftir sumarið.



Landgræðsluferð

Þjórsárskóli er í samstarfi við Landgræðsluna og Landvernd. Eitt af verkefnum okkar kallast Vistheimt. Staðsetning verkefnisins er á Skaft-holtsfjalli.



Vorið 2014 voru markaðir 40 tilraunareitir. Reitirnir voru merktir og afmarkaðir þannig að hver var 1x2 m. Í reitina settu þáverandi nemendur 5. 6. og 7. bekkjar mismunandi tegundir af t.d. áburði, moði, fræjum og fleira.

Miðvikudaginn 2. september fór 5. 6. og 7. bekkur upp á Skafttholtsfjall ásamt Hafdís og Bolette. Með okkur í ferðinni voru fulltrúar Landgræðslu og Landverndar. 5. 6. og 7. bekk var skipt í hópa og fékk hver hópur 3-5 reiti til að skoða hvernig gróðurfar var í reitunum. Þau þurftu að nota prik til að stinga í jörðina með 20 cm millibili og finna út hvort prikið kæmi á auða jörð eða gróður. Þau skrásettu hvað þau sáu og hvaða tegund af jurtum pinninn kom við. Við munum vinna áframhaldandi verkefni með þessa reiti og könnum hvernig gróðurfar í reitunum þróast.

Við vorum heppin með veður þennan dag. Nemendur voru áhugasamir og fengu sérstakt hrós frá gestunum fyrir hversu vel þau unnu. Unnið verður áfram í gögnunum sem við öfluðum. Gaman verður að fylgjast með þróuninni í framtíðinni. Hafdís og Bolette.



Sumarlestur

Verkefnið „Sumarlestur“ var nú unnið þriðja sumarið í röð í Þjórsárskóla. Markmiðið með verkefninu er að auka lestraráhuga, hvetja nemendur til þess að vera dugleg að lesa á sumrin og þar með viðhalda þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn.

Á haustin er veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu og þetta árið fengu börnin m.a. stuttermaboli merktá skólanum, spil og fleiri smáhluti. Þakkir til þeirra sem lögðu okkur lið: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Vodafone, Arion Banki og Landsbankinn.

Kveðjur úr skólanum.
Kristín og Bolette.



17. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi miðvikudaginn 2. september 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Meike Witt, Halla Sigríður Bjarnadóttir og Kristjana Heyden Gestsdóttir er mætti í forföllum Gunnars Arnar Marteinsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

1. Fjárhagsmál. Sveitarstjóri lagði fram upplýsingar um fjármál og rekstur sveitafélagsins. Auk þess lagði sveitarstjóri fram beiðni um heimild til töku yfirdráttar bankareikningi sveitarfélagsins að fjárhæð allt að 25 mkr til 7 október 2015. Beiðnin samþykkt samhljóða.
2. Öryggismál hjólhýsasvæðis í Þjorsárdal. Lagt var fram bréf frá Hreini Óskarssyni skógarverði Skógræktar ríkisins á Suðurlandi þar sem greint er frá umbótum sem Skógræktin vinnur að í öryggismálum á hjólhýsasvæðinu. Sveitarstjórn fagnar því að Skógræktin skuli hafa tekið umbætur í öryggismálum á hjólhýsasvæðinu föstum tókum. Skógræktinni er veittur frestur til að ljúka umbótum á svæðinu til 1 maí 2016.
3. Erindi vegna aksturs skólabarna. Erindi fellt niður, þar sem gögn bárust ekki.
4. Erindi vegna vistunar barns í grunnskóla. Beiðni barst til sveitarstjórnar um vistun tveggja barna á grunnskólaaldri í leikskóla eftir kennslu í grunnskóla. Reglur hafa verið í gildi um að bjóða upp á skólavistun í grunnskóla ef ósk berst að lágmarki um vistun þriggja barna. Samþykkt samhljóða að fengnu samþykki skólastjóra Þjorsárskóla að veita undanþágu í áðurnefndu tilfelli til skólavistunar tveggja barna í grunnskóla veturinn 2015-2016 án aksturs.
5. Aðalskipulag. Ferli við endurskoðun. Núverandi aðalskipulag sveitarfélagsins gildir til ársloka 2016. Framundan er vinna við endurskoðun aðalskipulagsins. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að leita eftir samningum og gera verðkönnun við sérfræðinga í skipulagsmálum til ráðgjafar í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
6. Skipulagsstofnun. Hvammsvirkjun umsagnarbeiðni um endurskoðun umhverfismats. Lagt var fram bréf frá Skipulagsstofnun undirritað af Jakobi Gunnarssyni. Ásamt skýrslunni „Hvammsvirkjun 93 MW“ Rýni á mati á umhverfisáhrifum. Unnin af Verkfræðistofunni Eflu í júlí 2015. Í bréfinu er þess óskað að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynni sér áðurnefnda skýrslu. Auk þess er óskað umsagnar sveitarstjórnar á því hvort mat á umhverfisáhrifum virkjunar við Núp frá árinu 2003 skuli endurskoðað.

Óskað eftir því að afstaða verði tekin til þess hvort forsendur hafi breyst frá því úrskurður Skipulagstofnunar lá fyrir. Frestur til umsagnar veittur til 21. september næstkomandi. Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt samhljóða að afla gagna vegna málsins og fresta afgreiðslu til 20. september.

7. Skipun afmælisnefndar vegna 40 ára afmælis Skeiðalaugar. Skeiðalaug verður 40 ára í nóvember næstkomandi. Samþykkt að fela umsjónarmanni sundlauga að gera tilögur um dagamun á afmælisdaginn.
8. Opnunartímar sundlauga veturinn 2015-2016. Sveitarstjóri kynnti tillögur að opnunartíma sundlauga sveitarfélagsins veturinn 2015-2016. Lagt er til að opið verði frá 1. sept 2015 til 1 des 2015 Miðvikudaga: 18 — 22 og Laugardaga: 13 — 18. Neslaug verði lokað frá 1 desember 2015 til 19 mars 2016. Skeiðalaug verði opin frá 1 sept – 1. Des 2015, mánudaga 18 — 22 og fimmtudaga 18 — 22. Frá 1 des – 19 mars 2016 fimmtudaga 18-22. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðir

9. Fundargerð 94. fundar Skipulagsnefndar.

Mál 12. Árnes sunnan við Þjóðveg : Landnotkun breytt í iðnaðarsvæði. Aðalskipulagsbreyting 1508009. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að kynna skipulagslýsingu vegna verkefni skv 1. mgr 30 grein Skipulagslaga og að leita umsagnar Skipulagsstofnunar.

Mál 13. Búrfellsvirkjun: Stöðvarhús í Sámstaðaklifi: Deiliskipulag – 1502079
Í framlagðri tillögu að deiliskipulagi fyrir Búrfellsvirkjun er gert ráð fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að þess að setja ramma um þau mannvirki sem þegar eru til staðar á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna tillögu að deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar með lagfæringum er komi til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar.
10. Fundargerð 95. fundar Skipulagsnefndar.

Mál 10. Réttarholt landnr. 166587: Stofnun lóðar 1508056 Ósk eiganda Réttarholts 1 um stofnun lóðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að afgreiðslu málsins verði frestað þar til umbeðin gögn liggi fyrir.
11. Fundargerð 25. fundar stjórnar Skipulags og byggingafulltrúa BS. Fundargerð lögð fram og kynnt ásamt minnisblaði um starfsmannamál embættisins.
12. Fundargerð Skólanefndar Leikskólamálefni 14 fundur. 18.08.2015. Fundargerð lögð fram og kynnt. Framlagðar breytingar á gjaldskrá samþykktar samhljóða.

Sveitarstjórn þakkar Margréti Steinþórsdóttur leikskólakennara sem lætur af störfum á næstunni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins um áratuga skeið.

13. Fundargerð Skólanefndar Grunnskólamálefni 13. Fundur 18.08.2015. Fundargerð lögð fram og kynnt.
14. Fundargerð 6. fundar Skólanefndar Flúðaskóla 28.08.2015. Fundargerð lögð fram og kynnt.
15. Fundargerð Skólanefndar Flúðaskóla v. Æskulýðsmála. 28.08.2015. Fundargerð lögð fram og kynnt.
16. Fundargerð 7. fundar Umhverfisnefndar. 26.08.2015. Fundargerð lögð fram og kynnt. Anna María Flygenring formaður Umhverfisnefndar sat fundinn undir þessum lið og greindi frá fundi nefndarinnar.
17. Fundargerðir Afréttarmálanefndar. Frá 4. fundi 05.08.2015 og 5. fundi 24.08.2015. fundargerðir lagðar fram og kynntar. Auk þess var lögð fram, kynnt og samþykkt fjárhagsáætlun fjallskila 2015.

Samningar og fleira

18. Samningur við Bláhiminn ehf um Nónstein. Þarfnast staðfestingar. Um er að ræða samning milli Sveitarfélagsins og Bláhimins ehf um leigu húsnæðis gistiheimilisins Nónsteins 2015-2017. Samningur staðfestur. Jafnframt er samþykkt að segja upp samningi 1. mars 2016.
19. Átak um læsi. Lögð voru fram drög að þjóðarsáttmála um læsi milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og sveitarfélagsins. Markmið þess er að hið minnsta 90 % nemenda grunnskóla geti lesið sér til gagns árið 2018.
20. Umsókn um rekstrarleyfi Nonnahús. Lögð var fram beiðni frá Sýslumanni Suðurlands um umsögn rekstrarleyfi til Krosshóls ehf kt 530308-1030 fyrir gistihús í húsi nefnt Nonnahús að Miðhúsum 1. Beiðni undirrituð af Agli Benediktssyni. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að áður nefnt rekstrarleyfi til Krosshóls ehf verði veitt.
21. N4, þáttagerð um Suðurland. Lagt var fram bréf frá N4 undirritað af Maríu Björk Ingvadóttur þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið taki þátt ásamt öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi í gerð 12 þátta í þáttaröðina „Að sunnan“ sem til stendur að framleiða á næstu mánuðum. Kostnaður sveitarfélags verði 250.000 kr. Samþykkt samhljóða að taka þátt í verkefninu.

Mál til kynningar:

- A. Fundargerð HES
- B. Hreyfivika UMFÍ 2015.
- C. Afgreiðslur byggingafulltrúa.
- D. Stj fundur 241. Fundar Sorpstöðvar Su.
- E. Leyfisbréf Álftröð.
- F. 496 fundur stjórnar SASS.
- G. Fundargerð 14. Fundar stj Þjónustusvæðis fatlaðra.
- H. Batasetur Suðurlands.

Fundi slitið kl 17.05

Næsti reglulegi fundur ákveðinn miðvikudaginn 7. október næstkomandi.

Eins og áður segir verður aukafundur 20. september næstkomandi.

Kvennaleikfimi hefst 14. september í Brautarholti.


**Ragnheiður Katrín kennir á mánudögum og
miðvikudögum frá kl. 19:00 — 20:00**



**Fjölbreytt, skemmtilegt og
Styrkjandi.**

**Nánari upplýsingar gefur
Jóhanna Valgeirsdóttir
gsm. 692-0877 eða
joagusti@uppsveitir.is**

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholtri, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.*



Er komið haust??? *"Ja, maður spyr sig"*

Skammta sprauta

Skammta-sprauta 3ja og 5 ml. Eigum einnig varahluti í 3ja og 5 ml. skammta-sprautur.



Inngjafabyssa m/slöngu

Inngjafasprauta 23 ml. með slöngu sem einnig er hægt að nota fyrir venjulegar sprautunálar.



Einnota sprautur og nálar



Vogir



Klaufaklippur



Boltabyssa (Sláturbyssa)



Regnföt



Merki-spray



Merkilitir



Stígvél - reiðskór



Skeifur - hóffjaðrir



Sokkar

Allt í sláturgerðina

Hnifar, kjótsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilispokar, balar, fötur, úrbeiningahanskar, vaccumpökkunarvél og pokar, o.fl.....



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:****kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda****Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar****892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.****892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur***Með kveðju.**Starfsfólk Flúðaleiðar***Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181**
www.arnesthing.isForstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is**Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:**Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu sigrun@laugaras.is**VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum****GUINOT** húðvörur fyrir dömur og herra**ALESSANDRO** naglalökk og gloss**Meðferðir:** Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

**Tímappantanir í**
síma: 856-1599

Fylgist með á

www.upplit.is

Almennur smalahdagur er 26. september og skilarétt í Skaftholtsréttum þann 27. september kl. 10:00.

Landeigendur eru minntir á 40. grein fjallskilasamþykktar sem áður var grein 41 í eldri samþykktinni, þar segir m.a. *“Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun og halda öllu fé annarra sem best til skila”*. Sjá má fjallskilareglugerð í markaskrá, og eru landeigendur hvattir til að kynna sér hana.

Afréttarmálanefndir.



Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í buðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island

eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja er



Munum eftir því ☺

802



Menn og Málefni!

Þann 19. júní s.l. fæddust tvíburar hér í sveitinni. Það eru drengir sem vógu 2.338 gr. 44 cm og 2.844 gr og 49 cm.

Foreldrar þeirra eru Svala Bjarnadóttir og Ingvar Hjálmarsson bændur í Fjalli 1 á Skeiðum.

Þeir nýfæddu eiga þrjá harðduglega, bræður, þá Einar Ágúst sem er í Flúðaskóla og Valdimar Örn og Eyþór Inga sem stunda nám við Þjórsárskóla. Við óskum fjölskyldunni allri innilega til hamingju með drengina. Af þessu má sjá að efniviður í heilt körfuboltalið býr á bænum þar. ☺☺☺☺☺



Stefán Hansen Daðason frá Birkikinn og Katrín Gyða Guðjónsdóttir, Álftanesi, eignuðust sitt fyrsta barn þann 4. september s.l. Það er drengur og vó hann 3.095 gr og 50 cm. Fjölskyldan býr á Álftanesi og óskum við þeim innilega til hamingju með drenginn sinn.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ: mánud. Miðvikud. Föstudaga 10 -17 👍


OPIÐ: laugardaga 11- 13

Á bak við eldavélina

Takk Sigurlaug fyrir að skora mig. Eins og þú varst með í huga þá kem ég hér með uppskrift frá Þýskalandi.

Fyrir fjóra:

1 kg. kartöflur
500 gr. hakk
2 laukar
1 hvítlausrif
1 blaðlaukur
400 gr. sveppir
250 gr. rjómaostur
250 gr. rjómaostur með kryddblöndu
1 dós sýrður rjómi
100 ml. vatn
1 msk. krydd (steinselja, graslaukur...)
1 poki rifinn ostur
Majoran, paprika, salt og pipar
Grænmetis soð



Aðferð:

Afhýða kartöflur, skera í sneiðar og sjóða þær í nokkrar mínútur (mega ekki vera fullsoðnar).

Skera lauk í litla teninga og saxa hvítlauk. Blaðlaukur og sveppir eru skornir í sneiðar.

Steikja hakk með lauk og hvítlauk, krydda með salti, pipar, papriku og majoran. Bæta sveppum og blaðlauk við. Steikja í 5 mínútur.

Blanda rjómaosti í kryddblönduna, sýrðum rjóma, vatni, pipar, salti, kryddi og grænmetissoði í sósuna.

Setja hakkblönduna með kartöflunum í eldfast mót og hella sósu yfir.

Hitið í 30 mínútur á 175 °C. Eftir 30 mínútur er rifni osturinn settur yfir og hitað aftur í 15 mín.

Verði ykkur að góðu!

Mig langar að skora Helgu á Lómstöðum til að koma með næstu uppskrift.

Takk fyrir mig.

Kirsten í Haga.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Afréttakortið, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og
Hrunamanna. Eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr. 500,-**
Gott á fjöllin ☺

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Vetraropnun frá 1. sept. 2015

Neslaug

Miðvikudaga: 18 — 22

Laugardaga: 13 — 18

Skeiðalaug

Mánudaga: 18 — 22

Fimmtudaga: 18 — 22

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.
Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.
Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.
Það er aðeins 10 mínútna akstur á milli lauganna.

Frítt fyrir 70 ára og eldri.
Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Neslaug og Skeiðalaug eru á

 facebook

Fylgist með þar ☺

Umsjónarmaður.
Eyþór Brynjólfsson

Fjárréttir í Skeiða– og Gnúpverjahreppi 2015
Skaftholtsréttir, föstudaginn 11. september.

Fé rekið inn kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 12. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.

Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra verða á vegi 32 - Þjórsárdalsvegi, dagana 10. og 11. september. (sumar hjáleiðir þó færar.)
Einnig verða tafir á vegi nr. 30 - Skeiðavegi þann 11. og 12. september. (sumar hjáleiðir einnig færar.)

Fylgist með á **www.skeidgnup.is**

Sveitarstjóri.